

# ÞINGGERÐ



2004

# **44. ÁRSÞING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.**

**Haldið á Selfossi 1.-2. maí 2004**

**LAUGARDAGUR 1. MAÍ**

## **1. SETNING ÞINGSINS**

Ólafur Rafnsson formaður KKÍ tók til máls og bauð þingfulltrúa og gesti velkomna, og sagði þetta 44. ársþing KKÍ sett.

## **2. KOSNING KJÖRBRÉFANEFDAR, ÞINGFORSETA OG ÞINGRITARA**

Ólafur Rafnsson stakk upp á Engilbert Olgeirssyni sem fyrsta þingforseta og var það samþykkt með lófaklappi.

Engilbert Olgeirsson tók við stjórн þingsins. Hann þakkaði fyrir þann heiður sem honum hafi verið sýndur.

Þingforseti tók fyrst fyrir kosningu þriggja manna í kjörbréfanefnd og sagði að stungið hefði verið uppá þeim Ragnari B. Sigurðssyni, Guðjóni Þorsteinssyni og Ragnari Gunnarssyni í kjörbréfanefnd og var það samþykkt með lófataki. Hann bað þingfulltrúa jafnframt um að koma kjörbréfum og umboðum til kjörbréfanefndar.

Hann tók því næst fyrir kosningu annars þingforseta og stakk uppá Gylfa Þorkelssyni og var það samþykkt með lófataki.

Hann tók því næst fyrir kosningu þingritara og sagði að stungið hefði verið upp á þeim Birni Leóssyni sem 1. þingritara og Pétri Hrafni Sigurðssyni sem 2. þingritara og var það samþykkt með lófataki.

## **3. KOSNING FASTRA NEFNDNA**

Allsherjarnefnd:

Halldór Halldórsson, Hafsteinn Hilmarsson og Atli Freyr Einarsson.

Fjárhagsnefnd:

Eyjólfur Guðlaugsson, Lárus Ingi Friðfinnsson og Þóra Melsted.

Laganefnd:

Kristinn G. Kristinsson, Þorgils Sævarsson og Gylfi Þorkelsson.

## **4. SKÝRSLA STJÓRNAR**

Ólafur Rafnsson kynnti skýrslu stjórnar, sem er að finna í árskýrslu KKÍ. Ólafur sagði síðan:

Ágætu félagar,

Fyrir ykkur liggar skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár. Að venju ætla ég mér ekki að endurtaka það sem þar stendur, heldur tæpa fremur á ýmsum atriðum úr okkar starfi sem ekki koma þar fram.

Starfsárið hefur vissulega verið viðburðarríkt, og ber þar e.t.v. hæst innleiðingu byltingarkenndra reglna hér á landi um úrvallsdeild karla - reglna er í senn fólu í sér nýstárlendar leiðir við skilgreiningu hlutgengis leikmanna með fjárhagslegu launaþaki í stað ríkisborgararéttar, og hinsvegar metnaðarfull takmörk aðildarfélaga okkar á umgjörð og framkvæmd kappleikja í Intersport-deildinni.

Hvað sem líður frábærum körfuboltatilþrifum sem veturinn bauð upp á þá verður því eigi móti mælt að áróðurslega vann fjöldi erlendra leikmanna gegn okkur, og þó dæmi hafi verið um þrjá erlenda leikmenn í sama liði um margra ára skeið á grundvelli Bosman-reglunnar þá virtist því miður sú staðreynd að fjöldi þeldökkra leikmanna var meiri en áður hafa leitt í ljós að íslenskt samfélag er einfaldlega ekki reiðubúið fyrir slíkt. Þetta verðum við að viðurkenna hvort sem okkur líkar betur eða verr.

EKKI má gleyma þeirri staðreynd að fjárhagslega náði launaþakið sem slíkt að ýmsu leyti tilgangi sínum. Laun bæði íslenskra og erlendra leikmanna hríðfelli, og það samhliða gengi dollars gerði liðum kleift að ráða til sín þriðja erlenda leikmanninn. Verð ég raunar að lýsa þeirri skoðun minni að sum félög hafi gengið of langt á því sviði með hliðsjón af því mannvali og breidd íslenskra leikmanna sem sum þeirra ráða yfir. Vil ég allt að því nota hugtakið mágæsingu í því samhengi, og stundum eins og menn rugluðu saman heimild og skyldu í þeim efnum.

Hafa ber í huga að á síðasta ársþingi stóðu menn frammi fyrir vandamáli sem verið var að leysa, og fólst í ójafnri stöðu liða að því er varðar aðgengi að erlendum leikmönnum er fengið höfðu íslenskt ríkisfang. Vil ég ítreka fyrri varnaðarorð míن um það að við munum sjaldnast finna neinar patentlausnir í þessum málum, og þegar við lokum einum dyrum þá opnum við gjarnan aðrar í staðinn.

Með reglum á síðasta ársþingi voru menn sannarlega ekki að samþykkja meðvitað hlutgengi þriggja erlendra leikmanna, heldur voru í umfjöllun á síðasta þingi gerðar breytingar á eðli hlutgengisreglna og í því samhengi gert ráð fyrir því að innan launaþaksins myndu e.t.v. rúmast á bilinu 1-2 erlendir leikmenn. Þetta hefur ekki komið nægilega skýrt fram í umfjöllun vetrarins og æskilegt að áréttu hér.

Það er í raun kaldhæðnislegt að þegar undirritaður stóð frammi fyrir hreyfingunni fyrir tveimur árum og kynnti fyrirkomulag súperdeildanna á Norðurlöndum þá töldu menn fráleitt að taka upp slíkt fyrirkomulag - með vísan til þess að íslensk lið myndu alls ekki geta undirgengist skyldur um two erlenda leikmenn.

Fyrir þinginu nú liggja tillögur er lúta að því að bæta úr ágöllum sem fram komu á framkvæmd reglugerðarinnar í vetur - eins og e.t.v. mátti búast við - og hefur stjórn KKÍ sett fram tillögu í sínu nafni er ætlað er að vera n.k. meðalhóf á milli þeirra sjónarmiða félaganna er endurspegluðust á öflugum formannafundi nú í mars.

Er tillagan í sjálfu sér ekki nein sérstök stefna af hálfu stjórnar KKÍ, heldur fremur ætlað að vera grundvöllur endanlegrar lýðræðislegrar niðurstöðu hér á þinginu sem unnt verði að gera breytingartillögur við í báðar áttir. Trúi ég því að menn komist að málefnalegri niðurstöðu og beri þroska til að standa saman um þá niðurstöðu - hver sem hún verður.

---

Í framhaldi af breytingum á reglugerð um úrvalsdeild er ekki úr veki að ræða aðeins um fjölmíðla- og markaðsmál hreyfingarinnar. Í þeim efnum geta menn ýmist valið þann kost að eyða lífi sínu í hugarheimi nafnlausra spjallverja á þroskastigi grunnskóalaaldurs - og eflaust einhverjur þeirra raunverulega á aldri í samræmi við þann þroska - eða hinsvegar að líta til staðreynda og uppbyggingar á því sem verið er að gera í þeim efnum, og taka þátt í þeirri framþróun.

Það er langt síðan jafn margar beinar útsendingar hafa verið frá körfuboltaleikjum og í vetur. Tæplega 20 beinar útsendingar - á báðum stóru sjónvarpsstöðvunum - er nokkuð sem sannarlega er ekki sjálfsagt mál, og við heyrum öfundarraddir frá ýmsum öðrum greinum íþróttar. Mönnum er í fersku minni einhver frábærasta úrlitakeppni síðari ára, þar sem 10-11 síðustu leikjunum var sjónvarpað beint af miklum metnaði samhliða talsverðri fréttbaumfjöllun. Þjóðin fylgdist með og sjaldan hafa jafn margir aðilar utan okkar hreyfingar nefnt við mig að þeir hafi fylgst með - og hrifist með - okkar ástsælu íþrótt þetta árið.

Varðandi prentmiðla þá hafa verið umbrotstímar á þeim markaði eins og allir þekkja, en í heildina hefur körfuknattleikur komist vel frá þessum vetri. KKÍ er áskrifandi að sérmöppum um körfuknattleiksumfjöllun í prentmiðlum frá Miðlun hf., og við samanburð á þeim mánaðarlegu möppum kemur glögglega í ljós að þær eru talsvert þykkari í vetur en oftast áður. Vera kann að hluti þess sé vegna neikvæðrar umfjöllunar um erlenda leikmenn, aganefnd o.s.frv., en ætti engu að síður að fullnægja vel þeim sem telja neikvæða umfjöllun betra en enga umfjöllun. Ég er að vísu ekki í þeim hópi, og vil raunar gagnrýna einstaka aðila innan okkar hreyfingar fyrir nokkuð dómgreindar- og allt að því þroskaleysej í því samhengi.

EKKI má gleyma vefsíðu okkar - kki.is - en í byrjun vetrar ýttum við úr vör talsverðu átaki í aukningu fréttatíðni og fjölbreytileika á umfjöllun á síðunni, með það fyrir augum að auka heimsóknarfjölda og nýta þannig heimasíðuna betur sem útbreiðslutæki. Verður einfaldlega að segjast að það tókst framar vonum, og var aukning í hverjum mánuði á bilinu 30-60% frá fyrra ári, og náði hámarki í mars s.l. þegar heimsóknir fóru vel yfir 50 þúsund. Til gamans má geta þess að sað fjöldi myndi duga í hóp mest sóttu síðna landsins skv. vikulegri upplagsmælingu Modernus.

Er þetta árangur sem ég tel að sé eftirtektarverður og vanmetinn, og gefur okkur sannarlega sóknarfæri gagnvart yngri kynslóðinni með þessum nútímamiðli. Tel ég að við eigum að bæta enn í á þessu sviði. Í þessu samhengi má jafnframt nefna heimasíður aðildarfélaga okkar, en þar er jafnframt staðið vel að verki - og sýnist mér körfuknattleikur standa langfremst íþróttagreina hérlandis að þessu leyti, og er ég ekki í vafa um að það mun skila sér á næstu misserum.

Til viðbótar framangreindu hefur verið ráðist í ýmsa markaðstengda viðburði s.s. útgáfu á geysivönduðu tímariti við upphaf leiktíðar, útgáfu plakats í samstarfi við ÍBR samhliða

heimsóknum í skóla í Höfuðborginni, samstarfsverkefni við PR-fulltrúa á haustdögum og síðast en ekki síst fjölmörgum og vel sóttum blaðamannafundum, sem mér skilst að séu óvíða jafn margir og hjá körfuknattleikshreyfingunni.

Ef ég yrði spurður að því hvort ég teldi umfjöllun um körfuknattleik næga eða útbreiðslu- og markaðsverkefni KKÍ fullnægjandi þá mynd ég svara því neitandi, enda munum við auðvitað aldrei verða algerlega ánægð með fjlmiðlaumfjöllun og ef við höfum ekki frekari metnað eða hugmyndir innan KKÍ til útbreiðsluverkefna þá er kominn tími fyrir viðkomandi aðila til að hætta. En það að nóg sé ekki lengur nóg þýðir ekki um leið að ekki sé verið að vinna gott starf - það er mikilvægt að rugla þessu ekki saman.

---

Það að fjárhagur KKÍ standi jafn traustum fótum nú og raun ber vitni er hinsvegar eitthvað sem ég er stoltur af. Eiginfjárstaða sambandsins er vissulega ennþá neikvæð, en nær núllinu en nokkru sinni s.l. tvo áratugi. Gerðir hafa verið samningar við nýja stuðningsaðila, og í gangi eru þriggja ára samningar um allar okkar keppnir.

Nauðsynlegt er að menn geri sér fulla grein fyrir því að það er langt því frá sjálfgefið að finna fjárhagslega stuðningsaðila, og enn síður að unnt sé að finna kostunaraðila fyrir mótaðald okkar, ekki síst vegna þeirrar samkeppnisstöðu sem ríkir gagnvart t.d. listastarfsemi og jafnvel enn frekar sjálfum sjónvarpsstöðvunum sem byggja dagskrágerð sína að verulegu leyti á kostun í samkeppni við íþróttahreyfinguna - með aðferðum sem íþróttahreyfingin innleiddi hérlandis.

Þá vil ég geta þess að nú í lok keppnistímabils eru lausir sjónvarpssamningar við bæði handknattleik og körfuknattleik, og er það í fyrsta sinn síðan 1996 sem það gerist. Talsverðar hræringar hafa verið á þeim markaði og kunna að skapast vænleg sóknarfæri í kjölfar öflugs mótaðals innan KKÍ ásamt spennandi verkefnum framundan bæði í deildakeppnum innanlands og landsliðsverkefnum erlendis.

Það er spá mín að ítarefni á sviði íþróttta muni í auknum mæli í framtíðinni verða unnið af þeim íþróttagreinum sjálfum sem hlut eiga að máli. Er þetta í sjálfu sér ekki jákvæð þróun að því er varðar fjárhag og fókus á kjarnastarfsemi viðkomandi sérsambanda, en á hinn böginn kunna jafnframt að fylgja því kostir s.s. ritstjórnarleg áhrif og útbreiðsla. Hefur vinna og umræða þegar farið af stað innan KKÍ um þessi mál, og verðum við tilbúnir undir slíka þróun verði hún að veruleika.

Undanfarin ársþing hef ég ítrekað fjallað um versnandi stöðu sérsambanda innan íþróttahreyfingarinnar - sem fjárhagslegra eylanda. Vil ég í því sambandi lýsa ánægju minni með þau störf ÍSÍ er lúta að vinnu á vettvangi ríkisvaldsins varðandi föst framlög til rekstrar sérsambanda ÍSÍ, en ráðgerð er vinna í samstarfi við nýskipaðan menntamálaráðherra í því sambandi á haustdögum. Munu fullrúuar KKÍ taka þátt í þeirri vinnu af heilum hug.

Ellert B. Schram hefur jafnframt heyrt mig á mörgum þingum gagnrýna harkalega afreksúthlutanir ÍSÍ, og veit ég að hann hefur fullan skilning á þeirri baráttu okkar og

skyldu minni til þess að berjast fyrir okkar hagsmunum. Mér er því ljúft og skylt að lýsa hér og nú ánægju minni með hvernig ÍSÍ hefur tekið á þeim málum.

Framlög til og úr Afrekssjóði ÍSÍ hafa aukist talsvert á undanförnum misserum, og hefur slíkt skilað sér að einhverju leyti til aukningar hjá körfuknattleiksþróttinni. Þótt sú aukning sé nokkuð í samræmi við hlutfallsleg stækkun sjóðsins, þótt við séum ennþá langt að baki vissum samkeppnisgreinum okkar, og þótt við verðum líklega aldrei fullkomlega ánægð með framlög til okkar, þá verðum við auðvitað að taka eftir því sem vel er gert.

ÍSÍ hefur undir forystu Ellerts B. Schram forseta ÍSÍ og Stefáns Konráðssonar framkvæmdastjóra unnið að breytingum á vinnuumhverfi afreksúthlutana með þeim hætti að sanngirni sé gætt gagnvart möguleikum flokkaþróttta og tillits til umfangs og stærðar íþróttagreina. Höfum við unnið að þessum hagsmunamálum af hálfu KKÍ, og erum við með því ekki að óska neinnar sérmeðferðar - einungis sanngirni. Hinsvegar er þetta stærra mál fyrir framtíðar afreksuppbyggingu KKÍ en margur hér inni kann að gera sér grein fyrir - og kann ég Ellerti bestu þakkir fyrir hans þátt í þeim breytingum.

---

En andlag afreksstyrkjanna er landsliðsstarf okkar. Á blaðamannafundi í vikunni kynntum við umfangsmesta og metnaðarfyllsta landsliðs sumar frá upphafi í sögu KKÍ, þar sem sex okkar landsliða leika u.p.b. 60 leiki samtals hérlandis og erlendis. Leyfi ég mér að fullyrða að undirbúnin A-landsliða okkar fyrir komandi verkefni hefur aldrei verið jafn viðamikill.

Ráðnir hafa verið nýir þjálfarar A-landsliðanna á starfsárinu, og jafnframt höfum við á að skipa öllum rjóma okkar þjálfara í hlutverki aðstoðarþjálfara og þjálfara yngri landsliða. Við getum ekki annað en verið ánægðir með áhöfnina þar.

A-landslið karla tekur nú þátt í Evrópukeppni á ný eftir þriggja ára hlé - þriggja ára tímabil sem hefur verið skelfilegt að upplifa, en er til komið vegna utanaðkomandi breytinga hjá FIBA sem ekkert var við að gera. Þó má geta þess að menn eru fljótir að gleyma, því reyndin er sú að verkefnastaðan varð svipuð og hún var reglulega fyrir 10-15 árum síðan - að undanskildum smáþjóðamótum sem við höfum fyrir löngu spilað okkur upp úr og fáir myndu sætta sig við sem meginverkefni í dag. Þannig endurspeglast viðhorf til A-landsliðsins í auknum metnaði og þannig viljum við hafa það.

A-landslið kvenna hefur notið góðs af mikilli grósku í deildakeppni kvennaboltans hér heima og er breidd leikmanna nú meiri en nokkru sinni fyrr. Verkefni A-landsliðsins eru fleiri og fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr í sumar, bæði heima og erlendis. Þá er vert að geta þess að í fyrsta skipti í sögu KKÍ munum við taka þátt í Evrópukeppni í kvennaflokki þegar U-88 liðið okkar efnilega tekur þátt í sumar, eftir að hafa sigrað á Promotion Cup sem haldið var hér á landi í fyrrasumar.

---

Ég vil að öðru leyti vísa til ítarlegra skýrslna nefnda sem liggja hér frammi í árskýrslunni, en áður en ég læt skilið við umfjöllun um alþjóðlega leiki þá er eigi unnt að líta framhjá því framtaki Keflavíkinga að taka þátt í Evrópukeppni félagsliða. Þar var vel

að verki staðið, og dæmi um starfsemi innan okkar hreyfingar sem er hluti af henni þótt ekki sé hún beint á vegum sambandsins sem slíks.

Studdi stjórн KKÍ þetta verkefni með ráðum og dáð, og vil ég hvetja fleiri félög til þess að íhuga möguleika á slíkri þátttöku. Með þeim breytingum sem gerðar hafa verið á keppninni undanfarin ár, og þeirri staðreynd að ferðakostnaður hefur lækkað talsvert með tilkomu lágfargjalfaflugfélaga þá tel ég verulega auknar forsendur fyrir félög til þess að ígrunda vel slíka þátttöku.

Vil ég varpa fram þeirri hugmynd að öll félög í Intersport-deildinni styðji sameiginlega við bakið á þeim liðum sem taka þátt í Evrópukeppni, t.d. með því að skuldbinda sig til þess að kaupa tiltekinn fjölda miða á heimaleiki liðsins. Gæti slíkt án efa skapað skemmtilega stemmningu innan hreyfingarinnar.

---

Staða KKÍ er þannig í dag að skráður iðkendafjöldi hefur aukist milli ára, þótt enn vanti nokkuð upp á skýrsluskil aðildarfélaga - áhorfendafjöldi virðist hjá flestum liðum hafa aukist á milli ára, þótt í sumum tilvikum hafi ekki verið úr miklu að vaxa – fjárhagur sambandsins stendur traustum fótum, og tryggir samningar og vonir um utanaðkomandi styrki hærri en nokkru sinni fyrr - landsliðsverkefni slá öll fyrri met að því er varðar fjölda, umfang og metnað - við eignum fleiri leikmenn á erlendri grundu en nokkru sinni fyrr, og þar af leikmann í NBA-deildinni.

Erum við þá ánægð? Nei, vonandi ekki ánægð, en hinsvegar vonandi þakklát fyrir þann árangur sem við þó höfum náð í erfiðu samkeppnisumhverfi við slæm fjárhagsskilyrði. Það er hlutverk okkar hjá KKÍ að vera ávallt á tánum til að bæta í og gera betur - að hvetja og örva aðildarfélögin til frekari dáða og afla nýrra landvinninga.

---

Að lokum langar mig sérstaklega til þess að þakka Pétri Hrafni Sigurðssyni fyrir frábært samstarf. Hann hefur verið framkvæmdastjóri KKÍ í 17 ár, og hef ég borið gæfu til að eiga samstarf með honum í 14 af þeim. Höfum við í raun átt ótrúlega náið og tímafrekt samstarf, farið ótal ferðir saman innanlands og utan, setið endalausa fundi og þing, og legið yfir málefnum sambandsins tíum, dögum og vikum saman.

Aldrei nokkru sinni hefur skugga borið á samskiptin, og kem ég auðvitað til með að sakna Péturs eins og bróður. Hann er þó ekki að fara langt, og geri ég ráð fyrir að vinskapur haldist þótt eigi bætist við úr þessu í e-mail samskiptin sem eru vel á sjöunda þúsundið á s.l. 5 árum.

Við starfi Péturs tekur aðili sem er okkur að góðu kunnur, Snorri Sturluson. Býð ég hann velkominn til starfa og vænti mikils af samstarfi við þann mæta pilt. Það verður sannarlega ekki auðvelt fyrir Snorra að taka við af Pétri, og hann tekur við góðu búi. Hef ég fulla trú á því að hann standi undir þessu ögrandi hlutverki með reisn.

Ég vona annars að við eignum hér málefnalegt og gott þing fyrir höndum.

Takk fyrir.

Þingforseti gaf því næst Ragnar B. Sigurðssyni formanni kjörbréfaneftnar orðið.

Ragnar fór yfir kjörbréfin og las upp nöfn þingfulltrúa. Hann bað menn að rísa úr sætum þegar nafn þeirra væri lesið.

### **Íþróttabandalag Reykjavíkur**

Bergur Steingrímsson með umboð fyrir Guðmund Guðjónsson.

Birgir Hákonarson með umboð fyrir Nökkva Gunnarsson.

Atli Freyr Einarsson með umboð fyrir Þórð Kolbeinsson.

Arnar Scheving Thorsteinsson með umboð fyrir Tómas Örn Sigurbjörnsson.

Böðvar Guðjónsson með umboð fyrir Kristinn Vilbergsson.

Gísli Georgsson með umboð fyrir Kolbein Pálsson.

Guðbjörg Norðfjörð með umboð fyrir Pál Sævar Guðjónsson.

Gunnar Freyr Steinsson.

Pétur Hólmsteinsson.

Benedikt Guðmundsson með umboð fyrir Jón Odd Davíðsson.

Snorri Örn Arnaldsson með umboð fyrir Ragnar Torfason.

Þóra Melsted með umboð fyrir Sverri Þorsteinsson.

### **Ungmennasamband Kjalarneþings**

Ólafur Rafnsson.

Jón Halldórsson.

Björn Leósson.

Snorri Sturluson.

Hannes S Jónsson með umboð fyrir Birgi Ara Hilmarsson.

Bjarni Gautur Pórmundsson með umboð fyrir Sóley Ægisdóttur.

Pétur Hrafn Sigurðsson með umboð fyrir Önnu Möller.

Eggert Baldvinsson með umboð fyrir Jón Arnar Ingvarsson.

### **Íþróttabandalag Akraness**

Ragnar B Sigurðsson með umboð fyrir Borghildi Jósúadóttur.

### **Ungmennasamband Borgarfjarðar**

Ragnar Gunnarsson með umboð fyrir Helga Helgason.

Konráð Jóhann Brynjarsdóttir með umboð fyrir Ara Gunnarsson.

Jóhann Waage.

### **Héraðssamband Snæfellsnes og Hnappadalasýslu**

Andrés Már Hreiðarsson með umboð fyrir Maríu Valdimarsdóttur.

### **Hérðaðssamband Vestfirðinga**

Guðjón Már Þorsteinsson með umboð fyrir Guðna Guðnason.

Eygló Jónsdóttir með umboð fyrir Ingólf Þorleifsson.

Hrafn Kristjánsson.

## **Ungmennasamband Skagafjarðar**

Halldór Halldórsson með umboð fyrir Pál Kolbeinsson.

## **Íþróttabandalag Akureyrar**

Þorgils Sævarsson með umboð fyrir Ingvar P Jóhannsson UMSE.

## **Héraðssambandið Skarphéðinn**

Gylfi Þorkelsson.

Árni Þór Hilmarsson.

Anna María Óladóttir.

Lárus Ingi Friðfinnsson.

Hallgrímur Brynjólfsson.

Jóhann G Guðmundsson.

Kristinn G Kristinsson.

Ágúst Örn Grétarsson Með umboð fyrir Guðna H Pétursson.

## **Íþróttabandalag Suðurnesja**

Finnbogi Þorsteinsson með umboð fyrir Guðmund Árnason.

Eyjólfur Guðlaugsson með umboð fyrir Magnús Andra Hjaltason.

Pétur Rúðrik Guðmundsson.

Sjöfn Ágústsdóttir.

## **Íþróttabandalag Reykjaneshreppur**

Hafsteinn Hilmarsson.

Valþór Söring Jónsson

Halldóra Lúthersdóttir.

Kristján Pálsson.

Árni Brynjólfur Árnason.

Einar Árni Jóhannsson.

Hrannar Hólm.

Guðsteinn Ólafur Gestsson

Einar Skaftason.

Hermann Helgason.

Kristján Guðlaugsson.

Birgir Már Bragason.

Gunnar Jóhannsson.

## **Íþróttabandalag Hafnarfjarðar**

Stefán Þór Borgþórsson með umboð fyrir Guðrún Á Guðmundsdóttur.

Emil Örn Sigurðsson með umboð fyrir Sverri Hjörleifsson.

Gunnar Stefánsson með umboð fyrir Gunnar Hauksson.

Að því búnu þakkaði Ragnar fyrir sig og óskaði þingfulltrúum ánægjulegs þings og óskaði jafnframt eftir athugasemdum við kjörbréfin væru þær einhverjar.

Þingforseti þakkaði kjörbréfanefnd fyrir hennar störf og lýsti því næst eftir athugasemdum við störf kjörbréfanefndar. Engar athugasemdir komu fram og voru þau samþykkt.

## 5. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKODAÐA REIKNINGA SAMBANDSINS TIL SAMÞYKKTAR

Pétur Hrafn Sigurðsson, framkvæmdastjóri KKÍ, kynnti endurskoðaða reikninga sambandsins í fjarveru gjaldkera.

Þingforseti gaf því næst orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

Guðjón Þorsteinsson spurði um dreifingu tímarits um körfubolta og hvers vegna það hefði ekki borist til Ísafjarðar. Hann spurði einnig um handbók félaganna og hvernig henni hefði verið komið til félaganna. Að lokum spurði hann um vefsíðuverðlaun KKÍ og hvernig staðið væri að því að velja vefsíður mánaðarins.

Hrannar Hólm hrósaði stjórn KKÍ fyrir að rekstur sambandsins hefði verið réttu megið við nállið.

Jóhann Waage spyrði hvers vegna kostnaður við rekstur skrifstofu hefði hækkað.

Pétur Hrafn Sigurðsson svaraði Guðjóni Þorsteinssyni og sagði að tímaritið sem gefið var út fyrir tímabilið hefði verið mjög vandað og glæsilegt og vel að því staðið í alla staði. Hann sagði að því hefði verið dreift í verslunum Nótáuns og Intersport og einnig til félaganna í Intersport-deildinni. Hann sagði ekki kunna skýringar á því ef blaðið hefði ekki komist til Ísafjarðar. Hann sagði að handbók félaganna hefði verið send í tölvupósti til félaganna sl. haust. Hann sagði jafnframt að þriggja manna nefnd sæi um að velja vefsíður mánaðarins, hún starfaði sjálfstætt en eftir ákveðnum forsendum sem lagðar hefðu verið til grundvallar. Hann svaraði að lokum Jóhanni Waage og sagði að kostnaður við færslu bókhalds sambandsins væri nú undir þessum lið, en áður hefði ÍSÍ séð um þá hlið mála.

Þingforseti gaf því næst Ellert B. Schram forseta ÍSÍ orðið.

Ellert lýsti yfir ánægju sinni að koma til Selfoss og sagðist hafa heyrt af fyrirhuguðu samstarfi Selfyssinga og Hvergerðinga og greinilegt væri að sóknarhugur væri í mönnum fyrir austan fjall. Næst þakkaði hann þann óvænta heiður að fá afhent gullmerki KKÍ og sagðist alls ekki hafa átt von á því og þakkaði þann hlýhug sem að baki byggi. Hann sagði að starf KKÍ væri í blóma, gaman væri að sjá svo marga á þinginu, ársskýrslan bæri þess merki og reikningar væru réttu megin við nállið. Hann sagði að körfuknattleikurinn hefði verið í sviðsljósínu og eftir því væri tekið þegar íslenskur leikmaður gerði samning við lið í NBA-deildinni. Hann væri afsprengi þess mikla starfs sem unnið hefði verið og vonandi gætu fleiri fetað í þau fótspor. Hann sagðist þeirrar skoðunar að það væri stundum einkennilegt að sjá frá leikjum í Intersport-deildinni og þann fjölda erlenda leikmanna sem þar væru. Stundum væri

sem þeir einir hefðu skotleyfi í liðunum. Hann sagði þó að þátttaka góðra körfuknattleiksmanna frá Bandaríkjunum hefði gefið keppninni líf og lit, en slíkt mætti ekki fara úr böndum og við yrðum að gefa okkar fólki tækifæri til þess að leika, axla ábyrgð og hafa skotleyfi. Hann sagðist vonast til þess að þingið kæmist að skynsamlegri niðurstöðu í þeim málum. Hann sagðist taka undir með Ólafi Rafnssyni að sérsamböndin hefðu borist skarðan hlut frá borði hvað varðaði fjárveitingar frá ÍSÍ og ríkisvaldinu. Þó væri skylt að geta þess að styrkir til sérsambanda hefðu margfaldast á síðustu tíu árum og væru enn að hækka. Bæði lottógreiðslur og afreks styrkir. Reglum hefði verið breytt þannig að flokkáþrótt eins og körfuknattleikur ættu möguleika á að fá fé til sinna afreksmanna. Reglur mættu ekki vera það stífar að vissar íþróttagreinar yrðu utan garðs. Hann sagði að styrkir til KKÍ ættu eftir atvikum að hækka þar sem rekið væri metnaðarfullt starf, greinin væri fjölmenn og hún ætti frambærilegt fólk. Hann sagði að gróska hefði verið í körfuknattleiksþróttinni og óskaði mönnum til hamingju með það og óskaði að svo mætti verða áfram. Hann flutti síðan kveðjur til Péturs Hrafns Sigurðssonar sem nú léti af störfum eftir 17 ára starf sem framkvæmdastjóri sambandsins. Hann kallaði Pétur því næst upp og veitti honum gullmerki ÍSÍ. Að lokum óskaði hann körfuknattleiksmönnum alls hins besta á komandi árum.

Þingforseti gaf því næst Einari Njálssyni bæjarstjóra Árborgar orðið.

Einar bauð alla þingfulltrúa velkomna til Árborgar. Hann flutti bestu kveðjur frá bæjarstjórn Árborgar og óskaði KKÍ til hamingju með glæsilegt starf. Hann sagðist hafa kynnst íþróttastarfínu á þeim stöðum þar sem hann hafði verið bæjarstjóri áður, á Húsavík og í Grindavík. Hann sagði gildi íþróttastarfsins ótvíráett fyrir samfélagið. Síðan sagði hann frá tilurð sveitarfélagsins Árborgar og lýsti lítillega sögu þess og forvera þess. Loks óskaði hann þess að þingið yrði árangursríkt.

Þingforseti gaf því næst nýráðnum framkvæmdastjóra KKÍ, Snorra Sturlusyni orðið.

Snorri sagði að þetta væri kærkomið tækifæri fyrir hann að kasta kveðju á hópinn innan körfuknattleikshreyfingarinnar. Hann sagðist þakklátur fyrir það tækifæri sem hann hefði fengið til að starfa innan körfuknattleikshreyfingarinnar. Hann hefði kynnst starfsemi sambandsins í gegnum sitt fyrra starf sem íþróttafréttamaður og þá helst starfsmönnum skrifstofunnar og formanni sambandsins. Hann sagði að samstarf við þá aðila hefði orðið til þess að hann hefði ákveðið um sækja um starf framkvæmdastjóra. Hann sagðist einnig hafa kynnst starfinu úti í félögunum á síðustu arum. Hann sagði metnaðinn mikinn í hreyfingunni og það væri umhverfi sem gæti hugsað sér að starfa í. Síðan rifjaði Snorri upp sín fyrstu kynni af körfubolti og dró Dúdda frænda sinn (Þorgils Sævarsson) Þórsara frá Akureyri til ábyrgðar. Þeir væru báðir dalvískir Akureyringar, Dúddi væri mesti Þórsari sem hann hefði kynnst en sjálfur væri hann alinn upp á Brekkunni sem væri KA-hverfi. Dúdda hefði tekist að draga hann á körfuboltaæfingu hjá Þór þegar þeir voru strákar, sem hefði verið nokkurt afrek. Afrekaskráin hefði hins vegar ekki verið löng á þeim vettvangi. Síðar hefði hann dvalið í Bandaríkjunum sem skiptinemi í eitt ár, án þess þó að leika sjálfur með skólaliðinu. Hann sagði síðan frá samstarfi sínu og Valtýs Björn Valtýssonar í tveir á tvo keppnum, en þar kepptu þeir undir nafninu "Twin Towers". Hann sagðist bíða spenntur eftir að takast á við starfið, en sagðist hvorki vilja lofa né hóta að vera jafn lengi í starfi og Pétur Hrafn.

## **KAFFIHLÉ**

Þingforseti bar því næst reikninga KKÍ undir atkvæði og voru þeir samþykktir samhljóða.

### **6. STJÓRN LEGGUR FRAM FJÁRHAGSÁÆTLUN FYRIR NÆSTA ÁR**

Þessi liður var tekinn með 7. lið, sjá þingskjal nr. 19.

### **7. LAGÐAR FRAM LAGA- OG LEIKREGLNABREYTINGAR ÞÆR SEM BORIST HAFA TIL STJÓRNARINNAR**

Þingforseti las því næst upp tillögur um vísum þingskjala til þingnefnda. Leita þurfti afbrigða til að taka fyrir þingskjöl 17, 18 og 20 og var það samþykkt.

Þingskjal nr. 1 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 2 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 3 til laganefndar.

Þingskjal nr. 4 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 5 til fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr. 6 til laganefndar.

Þingskjal nr. 7 til laganefndar.

Þingskjal nr. 8 til laganefndar.

Þingskjal nr. 9 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 10 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 11 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 12 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 13 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 14 til laganefndar.

Þingskjal nr. 15 til laganefndar.

Þingskjal nr. 16 til laganefndar.

Þingskjal nr. 17 til allsherjarnefndar.

Þingskjal nr. 18 til laganefndar.

Þingskjal nr. 19 til fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr. 20 til allsherjarnefndar.

Þingforseti bar því næst tillögu um vísun þingskjala til þingnefnda og var hún samþykkt.

### **8. TEKNAR TIL UMRÆÐU AÐRAR TILLÖGUR OG ÖNNUR MÁL, SEM BORIST HAFA TIL STJÓRNARINNAR.**

Þingforseti frestaði þingi.

## **ÞINGHLÉ**

### **SUNNUDAGUR 2. MAÍ**

## 9. NEFNDAÁLIT OG TILLÖGUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLUR UM ÞÆR.

Þingforseti gekk til dagskrár og gaf Eyjólfí Guðlaugsson formanni fjárhagsnefndar orðið.

Eyjólfur tók fyrst fyrir þingskjal nr. 5. Hann sagði að laganeftnd legði til að þingskjalið yrði fellt þar sem nefndin væri sammála um að það hefði ekki tilætluð áhrif.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 5. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillögu fjárhagsnefndar um að þingskjal nr. 5 yrði fellt undir atkvæði og var hún samþykkt.

Eyjólfur tók næst fyrir þingskjal nr. 19. Hann sagði að nefndin legði til breytingar við þingskjalið sem fram kæmi í þingskjali nr. 19 a. Áætluð upphæð þáttökugjalfa hefði verið lækkuð og áætlaðar aðrar tekjur væru hækkaðar. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 19 a yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 19 og 19 a. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillögu fjárhagsnefndar um að þingskjal nr. 19 a yrði samþykkt undir atkvæði og var hún samþykkt.

Þingforseti gaf því næst Kristni G. Kristinssyni formanni laganeftndar orðið.

Kristinn tók fyrst fyrir þingskjal nr. 3. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði fellt, en þingskjal nr. 6, sem fjallar um sömu lagagrein en gengur lengra, yrði tekið til meðferðar þess í stað.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 3. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillögu laganeftndar um að þingskjal nr. 3 yrði fellt undir atkvæði og var hún samþykkt.

Kristinn tók því næst fyrir þingskjal nr. 6. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 6. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillögu laganeftndar undir atkvæði og var hún samþykkt.

Kristinn tók næst fyrir þingskjal nr. 7. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 7. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillögu laganeftndar undir atkvæði og var hún samþykkt.

Kristinn tók því næst fyrir þingskjal nr. 8. Hann sagði að nefndin legði til breytingartillögu sem merkt væri sem þingskjal nr. 8 a. Hann sagði að nefndin legði til að sú tillaga yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 8 og 8 a. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillögu laganeftndar undir atkvæði og var hún samþykkt.

Kristinn tók því næst fyrir þingskjal nr. 14. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 14. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillögu laganefnar undir atkvæði og var hún samþykkt.

Kristinn tók því næst fyrir þingskjal nr. 15. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 15. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillögu laganefnar undir atkvæði og var hún samþykkt.

Kristinn tók því næst fyrir þingaskjal nr. 16. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 16. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillögu laganefnar undir atkvæði og var hún samþykkt.

Kristinn tók því næst fyrir þingaskjal nr. 18. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 18. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillögu laganefnar undir atkvæði og var hún samþykkt.

Þingforseti gaf því næst Halldóri Halldórssyni formanni allsherjarnefnar orðið.

Halldór tók fyrst fyrir þingskjöl nr. 1 og 2 og sagði að nefndin legði fram breytingartillögu sem merkt væri sem þingskjal nr. 21. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjal nr. 21 yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 21.

Kristinn G. Kristinsson sagðist í sjálfu sér sammála tillögunni en benti á að KKÍ ætti að bjóða félögunum uppá fræðslu og leiðbeiningar á skráningu tölfraðiupplýsinga ef þessi tillaga yrði samþykkt. Engin ein lína væri til í því hvernig ætti að skrá þessar upplýsingar.

Gunnar Freyr Steinsson benti á að víst væri til ein lína í því hvernig skrá ætti þessar upplýsingar. Hann benti í því sambandi á bók sem hann og Óskar Ó. Jónsson hefðu gert um þetta. Bókin hefði verið send til allra félaga í úrvalsdeild fyrir 2-3 árum síðan.

Guðjón Þorsteinsson sagðist kannast við þessa bók og benti á að vanda þyrfti til verka þegar tölfraðiupplýsingar væru skráðar í fyrsta sinn í 1. deild karla ef tillagan yrði samþykkt og fræðsla væri eitthvað sem KKÍ ætti að sjá til þess að fræðsla væri til staðar.

Þingforseti bar því næst tillögu laganefnar undir atkvæði og var hún samþykkt.

Halldór tók því næst fyrir þingskjal nr. 4. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 4. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillögu laganeftnar undir atkvæði og var hún samþykkt.

Halldór tók því næst fyrir þingskjal nr. 9. Hann sagði að gerð hefði breytingartillaga við þingskjalið sem merkt hefði verið sem þingskjal nr. 22. Hann sagði að skiptar skoðanir hefðu verið um málið í nefndinni og því hefði nefndin ekki lagt fram ákveðna tillögu um hvort samþykkja ætti þingskjalið eða fella það. Hann sagðist þó persónulega vilja sjá það fellt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjöl nr. 9 og 22.

Guðjón Þorsteinsson sagðist sammála Halldóri í því að leyfa ætti erlenda leikmenn í 1. deild karla. Ef félögin vildu erlenda leikmenn ættu þau að mega það.

Kristinn G. Kristinsson sagðist ekki sjá neina ástæðu fyrir því af hverju ætti að banna liðum í 1. deild karla að vera með erlenda leikmenn. Hann benti á að talsvert bil væri á milli félaga í úrvalsdeild og 1. deild og þessi félög mættust reglulega í bikarkeppnum. Ekki mætti við að gera það bil enn breiðara. Ekki mætti heldur hegna þeim félögum sem hefðu efni á því að hafa erlenda leikmenn, þótt önnur félög hefðu ekki efni á því. Síðan væri líka sjónarmið að talsvert væri um það að erlendir leikmenn væru fengnir til að þjálfa liðin í 1. deildinni og þeir léku jafnframt með þeim. Hann sagði að framboð á innlendum þjálfurum væri ekki mikið og við mættum ekki við því að loka fleiri dýrum.

Pétur Hrafn Sigurðsson framkvæmdastjóri KKÍ sagði að þessi tillaga kæmi ekki í veg fyrir að félög í 1. deild karla fengju sér erlenda leikmenn því áfram væri hægt að fá evrópska leikmenn til félaganna. Betra væri að hafa bandarískra leikmenn en evrópska því þeir væru einfaldlega betri leikmenn. Þau félög sem ætluðu sér að vera með erlenda leikmenn myndu fá sér þá hvort eð er og þá væri alveg eins gott að bestu leikmennirnir væri einnig í boði.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 22 undir atkvæði og var það fellt með meirihluta atkvæða.

Þingforseti bar því næst þingskjal nr. 9 undir atkvæði og var það fellt með meirihluta atkvæða.

Halldór tók því næst fyrir þingskjal nr. 12. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 12. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillögu laganeftnar undir atkvæði og var hún samþykkt.

Halldór tók því næst fyrir þingskjal nr. 13. Hann sagði að nefndin legði til að þingskjalið yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 13. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar þingforseti því tillögu laganeftndar undir atkvæði og var hún samþykkt.

Halldór tók því næst fyrir þingskjöl 10, 11, 17 og 20.

Hann sagði að allsherjarnefnd legði til að þessi þingskjal yrðu sett í bið og þess í stað yrði þingskjal nr. 23 afgreitt, en það er breytingartillaga allsherjarnefndar við fyrrnefnd þingskjal.

Þingforseti gaf orðið laust um þessa tillögu allsherjarnefndar.

Guðjón Þorsteinsson sagði að þetta væri einfalt, það þyrfti ekki að eyða tíma í þingskjöl 10, 11, 17 og 20 ef þingskjal nr. 23 yrði samþykkt.

Valþór S. Jónsson sagði að taka ætti fyrir þingskjal nr. 10 fyrst þar sem hún gengi lengst.

Birgir Hákonarson sagðist vilja allt annað en núverandi ástand í úrvalsdeildinni og sagðist vilja hafa þingskjal nr. 10 til vara ef allt færi á versta veg með þingskjal nr. 23.

Valþór S. Jónsson sagði það fullkomlega óeðlilegt að hægt væri að hafa tillögur til vara ef mönnum líkaði ekki niðurstaða mála. Hann lagði til að þingskjal nr. 10 yrði fyrst tekið til afgreiðslu.

Þingforseti sagði að tillögur yrðu að vera skriflegar.

Snorri Örn Arnaldsson sagði augljóst að þingskjal nr. 10 gengi lengst og því væri eðlilegt að það væri tekið fyrir fyrst.

Ólafur Rafnsson sagði að það væri túlkunaratriði hvaða tillaga gengi lengst. Hann tók dæmi um bílaviðskipti. Hvort kaupa ætti bíl eða ekki og síðan hvernig hann ætti að vera á litinn. Sumir kynnu að telja að tillaga um að kaupa ekki bíl gengi lengst. Síðan vildu aðrir vita hvernig bílinn væri áður en þeir tækju ákvörðun um hvort þeir keyptu hann eða ekki. Hann sagði að þingsins vegna væri eðlilegt að fara að tillögu allsherjarnefndar og taka fyrst fyrir þingskjal nr. 23.

Þingforseti bar tillögu allsherjarnefndar um að taka fyrir þingskjal nr. 23 undir atkvæði og var það samþykkt með meirihluta atkvæða.

Halldór Halldórsson sagði að við umræður í nefndinni hefði verið sátt um felst atriði. Hann fór yfir helstu atriði sem breytt hefði verið í þingskjali 23. Hann sagði að allsherjarnefnd legði til að þingskjal nr. 23 yrði samþykkt.

Þingforseti gaf orðið laust um þingskjal nr. 23.

Guðjón Þorsteinsson sagði skrýtið að aðeins ætti að vera til staðar lukkudýr í úrslitakeppni og bað um skýringar á þessu. Af hverju þessar kröfur hefðu verið minnkaðar.

Birgir Hákonarson talaði um lið 3.2.2. Í fyrra hefði verið á mánaða tímabil en nú væri það orðið tíu mánaða. Þetta gæfi liðum kost á því að greiða mönnum laun í júlí og

sagðist ætla að leggja til að áfram yrði miðað við átta mánaða tímabil. Annars bættist ein milljón við launaþakið. Hann vék síðan að lið 3.4. um hlunnindi. Miða ætti við viðmið en þó mætti notast við raunkostnað. Þetta væri rugl. Hann sagði að tilraunin með lukkudýr hefði misheppnast og því væri hann helst alveg vilja losna við þau.

Halldór Halldórsson sagði að varðandi lukkudýr þá hefði umræðan um þau og ýmislegt annað hafist á formannafundi. Síðan hefðu komið fram hugmyndir og tillögur. Menn hefði talið að ekki væri hægt að fyrir lukkudýr að skapa stemmningu þegar áhorfendur væru mjög fáir. Hins vegar væru sums staðar mjög flott lukkudýr sem stæðu sig mjög vel. Varðandi tíu mánaða tímabil þá væri augljóst að ekki væri hægt að borga erlendum leikmönnum sem ekki væru á landinu. Ekki væri hægt að færa laun erlendra leikmanna yfir á íslenska ef enginn erlendir leikmaður væri til staðar. Hann sagði að körfubolti væri alvöru íþrótt sem ætti að vera með tíu mánaða keppnistímabil, þótt það væri dýrara. Hann taldi eðlilegt að menn nytu þess ef þeir gætu sannað að þeir væru að greiða minna í húsaleigu en sem næmi viðmiðinu.

Snorri Örn Arnaldsson talaði um launaþak og lagði síðan til að nafni reglugerðarinnar yrði breytt þannig að hún næði einnig yfir bikarkeppnir KKÍ.

Jóhann Waage talaði um lukkudýr. Hann sagði að þetta hefði farið vel af stað en síðan hefði botninn dottið úr. Hann sagðist hafa haft samband við fjölda félaga og boðið þeim aðstoð við lukkudýrin. M.a. að leika þau. Hann hefði í samvinnu við KKÍ verið búinn að undirbúa námskeið fyrir lukkudýrin sl. vetur en ekkert hefði orðið af því sökum þess hve fáir ætluðu að mæta. Hann ætlaði hins vegar að halda slíkt námskeið næsta haust, þar yrðu m.a. handbolta og fótboltalið með sín lukkudýr.

Þingforseti bað menn að halda sig við efnið, þ.e.a.s. þingskjal nr. 23.

Guðjón Þorsteinsson sagði það metnaðarmál félaga að hafa umgjörð sem besta. Hann sagðist ekki trúa því að ekki væri hægt að fá boðlega aðila til þess að leika lukkudýrin.

Birgir Hákonarson sagði að ekkert bannaði félögum að vera með lukkudýr allan veturinn. Aðrir vildu ekki hafa þau sem kvöð, en sættu sig við að hafa þau í úrslitakeppninni. Hann vék því næst að launaþakinu og sagði að samkvæmt sínum skilningi og Snorra Arnar væru 500 þús. kr. í pottinum í júlí og ágúst.

Valþór Söring sagði þann sinn skilning að færa mætti afgang af 300 þús. kr. hámarki fyrir utan Evrópu leikmenn yfir á aðra leikmenn. Hann sagði líka að reglugerðin eins og hún lægi fyrir þingi yrði ekki til þess að bæta ímynd deildarinnar og í raun væri verið að hækka launaþakið um 500 þús. kr. með því að taka út hlunnindi erlendra leikmanna. Hún yrði til þess að fylgja erlendum leikmönnum en ekki til að fækka þeim. Hann taldi einnig að notast ætti við fasta tölu hvað verðar húsaleigu íslenskra leikmanna, en ekki rauntölur. Að lokum sagðist hann vera andvígur reglugerðinni eins og hún lægi fyrir þinginu.

Halldór Halldórsson sagði að reglugerðin væri hugsanlega ekki nógu skýr hvað varðar lengd keppnistímabilsins og heildarupphæð launa. Hann sagði einnig að nefndarmenn leggðu fram nefndarálit sem væri þeirra eigið, en endurspeglæði ekki skoðanir annarra.

Eggert Baldvinsson sagði að það væri hans skilningur að eina leiðin til þess að launaupphæð leikmanns færð út fyrir launafakið væri ef hann hætti að leika með liðinu.

Pétur Hrafn Sigurðsson sagði að samningar leikmanna hefðu verið þannig að þeir væru með samninga í mislangan tíma og vinnureglan hjá nefndinni í fyrra hefði verið sú að deila þeim í átta mánuði og skoða mætti það sem hefð.

Hrannar Hólm sagði að komin væri eins árs reynsla á reglugerðina. Menn hefðu síðan farið að skoða hvað betur mætti fara. Það væri hins vegar erfitt að breyta einstökum atriðum í reglugerðinni þar sem hún væri mjög stór. Hins vegar yrði að laga hana og hún væri samt sem áður skref í rétta átt.

Þingforseti las upp þær breytingartillögur sem bárust við þingskjal nr. 23 og gaf orðið laust um þær. Enginn kvaddi sér hljóðs og bar hann því tillögurnar upp hverja fyrir sig.

Tillaga um breytingu á nafni á reglugerðinni var samþykkt.

Tillaga um breytingu á fjölda mánaða til að miða við á hverju tímabili úr 10 í 8 var samþykkt.

Tillaga um að félög skuli hafa lukkudýr allt tímabilið, en ekki bara í úrslitakeppni var felld.

Breytingartillaga um að orðin “þó megi notast við raunkostnað” í grein 3.4. verði felld út var felld.

Þingforseti bar því næst upp þingskjal nr. 23 með áorðnum breytingum og var það samþykkt með þorra afkvæða.

## 10. ÖNNUR MÁL

Þingforseti gaf orðið laust um önnur mál.

Pétur Hrafn Sigurðsson tilkynnti að nú yrði dregið í töfluröð fyrir úrvalsdeild, 1. deild karla og kvenna. Þingforseti dró miðana úr fötu og fyrst var dregið í úrvalsdeild.

Þá var dregið í 1. deild kvenna.

Dráttur fór þannig: 1. UMFN 2. Haukar 3. ÍS 4. UMGF 5. KR 6. Keflavík.

Þá var dregið í 1. deild karla:

Drátturinn fór þannig: 1. Drangur 2. Þór Ak. 3. Ármann/Þróttur 4. Stjarnan 5. ÍA 6. Valur 7. Þór Þ. 8. Breiðablik 9. ÍS 10. Höttur.

Intersport-deildin

Drátturinn fór þannig: 1. UMGF 2. Hamar/Selfoss 3. Skallagrímur 4. UMFN 5. Fjölnir 6. Tindastóll 7. Keflavík 8. Haukar 9. KFÍ 10. ÍR 11. KR 12. Snæfell.

Þingforseti gaf því næst orðið laust.

Guðjón Þorsteinsson þakkaði Selfyssingum fyrir gott þing og bauðst til að halda næst þing á Ísafirði.

## 11. KOSNING FORMANNS

Fráfarandi formaður, Ólafur Rafnsson, var einn í kjöri og var hann því sjálfkjörinn.

## 12. KOSNING ÞRIGGJA MEÐSTJÓRNENDA TIL TVEGGJA ÁRA OG ÞRIGGJA MANNA Í VARASTJÓRN TIL EINS ÁRS.

Stungið var uppá þeim Gísla Georgssyni, Bjarna G. Þórmundssyni og Eyjólfí Guðlaugssyni og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

## 13. KOSNING FIMM MANNA Í KÖRFUKNATTLEIKSDÓMSTÓL TIL EINS ÁRS.

Ekki þurfti að kjósa í dómstólinn þar sem hann var kosinn til þriggja ára á þinginu 2002.

## 14. KOSNING TVEGGJA MANNA Í AGANEFND OG TVEGGJA TIL VARA

Stungið væri uppá Hrafni G. Johnsen og Ingimar Ingasyni (í eitt ár) sem aðalmönnum og Jóni Halldórssyni og Snorra Erni Arnaldssyni (í eitt ár) til vara og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

## 15. KOSNING ÞRIGGJA AÐILA Í FÉLAGASKIPTANEFND OG ÞRIGGJA TIL VARA

Stungið væri uppá þeim Bjarna Steinarsyni, Halldóri Halldórssyni og Elínborgu Guðnadóttur og til vara þeim Kristni Jörundssyni, Birgi Hákonarsyni og Ragnari B. Sigurðssyni og voru þau kjörin með lófaklappi.

## 16. KOSNING TVEGGJA ENDURSKOÐENDA

Stungið væri uppá þeim Ottó Hafliðasyni og Gísla Friðjónssyni og voru þeir kjörnir með lófaklappi.

## 17. KOSNING FULLTRÚA Á ÍþRÓTTAÞING

Ekkert íþróttatíring er á þessu ári.


## 18. ÞINGFUNDARGERÐIR LESNAR OG STAÐFESTAR


Þingforseti lagði til að þessum lið yrði vísað til þingforseta og þingritara og var það samþykkt.

## 19. ÞINGSLIT

Þingforseti þakkaði þingfulltrúum fyrir skemmtilegt þing og skemmtilega samvinnu. Hann sagði gaman að koma aftur á þing KKÍ. Síðan gaf hann Ólafí Rafnssyni formanni KKÍ orðið.

Ólafur Rafnsson þakkaði þingfulltrúum fyrir gott og starfsamt þing. Hann sagði að nefndafundir hefðu verið fjölmennir og margir tekið þátt í umræðum. Það sýndi úr hverju hreyfingin væri gerð. Ólafur bað því næst þingheim að rísa á fætur og klappa fyrir þingforseta fyrir frábæra stjórn þingsins um leið og hann fengi silfurmerkið afhent. Að því mæltu sleit Ólafur þingi og óskaði öllum þingfulltrúum góðrar heimferðar.

  
Engilbert Olgeirsson  
þingforseti

  
Björn Leósson  
þingritari

## Þing KKÍ haldið á Selfossi 1. og 2. maí 2004

### Þingskjal nr. 1

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

#### 8. grein

Í efstu deild karla og kvenna og 1. deild karla skal heimalið senda allar tölfræðiupplýsingar á tölvutæku formi um móttald til KKÍ. Skulu upplýsingar þessar hafa borist KKÍ eigi síðar en 3 klst. eftir að leik líkur lýkur.

...

Greinargerð:

Tölfræðiupplýsingar eru gríðarlega mikilvægar hreyfingunni, þar sem þær upplýsingar sem þar er að finna segja áhugamönnum mikið til um hvernig viðkomandi leikur var. Einnig er það ekki sjálfgefið að bestu leikmenn landsins (Friðrik Stefánsson t.d.) spili allan sinn feril í efstu deild og því gætu myndast óþarfa göt í tölfræðiupplýsingum ákveðinna leikmanna ef þessu er haldið óbreyttu.

Snorri Örn Arnaldsson  
ÍBR

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt

Samþykkt með breytingum

Fell

Sjá þingskjal nr. 21

## Þing KKÍ haldið á Selfossi 1. og 2. maí 2004

Þingskjal nr. 2

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

8. grein

...  
Í efstu deild karla og kvenna, í 16-, 8 og undanúrslitum bikarkeppni KKÍ og í fyrirtækjabikar KKÍ skal heimalið senda allar tölfræðiupplýsingar á tölvutæku formi um mótað til KKÍ. Skulu upplýsingar þessar hafa borist KKÍ eigi síðar en 3 klst. eftir að leik líkur lýkur.  
...

Greinargerð:

Tölfræðiupplýsingar eru gríðarlega mikilvægar hreyfingunni, þar sem þær upplýsingar sem þar er að finna segja áhugamönnum mikið til um hvernig viðkomandi leikur var.

Snorri Örn Arnaldsson

ÍBR

Vísað til:  Fjárhagsnefndar  Allsherjarnefndar  Laganefndar

Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Fellt  
Sjá þingskjal nr. 21

## Þing KKÍ haldið á Selfossi 1. og 2. maí 2004

Þingskjal nr. 3

### Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

#### 21. grein

##### 1. DEILD KARLA

1. deild karla skal skipuð 10 liðum. Leika skal tvöfalda umferð heima og heiman. Tvö neðstu lið 1. deildar falla í 2. deild og leikur þar næsta keppnistímabil.

